

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. mars 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1152/2009 frá 27. nóvember 2009****um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

magn af þeim matvælum sem falla undir þessa reglugerð. Til að greiða fyrir framkvæmd eftirlits með unnum og samsettum matvælum, ásamt því að viðhalda mjög skilvirku eftirliti, er viðeigandi að hækka viðmiðunarmörkin fyrir eftirlit með samsettum afurðum. Af sömu ástæðu skal auka 5 kg hámarkið fyrir vörusendingar sem falla utan gildissviðsins upp í 20 kg. Lögbær yfirvöld geta gert prófanir af handahófi til að hafa eftirlit með því hvort samsett matvæli, sem innihalda minna en 20% af matvælum sem falla undir þessa reglugerð, innihaldi aflatoxín. Ef vöktunargögn gefa til kynna að samsett matvæli, sem innihalda minna en 20% af matvælum sem falla undir þessa reglugerð, hafi í allnokkrum tilvikum ekki verið í samræmi við löggjöf Bandalagsins um hámarksgildi aflatoxína skal endurskoða þessi viðmiðunarmörk.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/504/EB frá 12. júlí 2006 um sérstök skilyrði, er varða tiltekin matvæli sem flutt eru inn frá tilteknum þriðju löndum, vegna áhættu á að þessar afurðir séu mengaðar aflatoxíni⁽²⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Nauðsynlegt er að breyta aftur tilteknum ákvæðum verulega, einkum svo að tekið sé mið af ákveðinni þróun að því er varðar mengun af völdum aflatoxíns í tilteknum afurðum sem falla undir þá ákvörðun. Jafnframt skulu ákvæðin gilda beint og vera bindandi í heild sinni og því skal þessi reglugerð koma í stað ákvörðunar 2006/504/EB.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum⁽³⁾ er mælt fyrir um leyfilegt hámarksgildi aflatoxína í matvælum til að vernda lýðheilsu. Sjá má að oft er farið yfir þessi hámarksgildi fyrir aflatoxín í tilteknum matvælum frá tilteknum löndum. Slík mengun er alvarleg ógnun við lýðheilsu í Bandalaginu og af þeim sökum er rétt að samþykkja sérstök skilyrði innan Bandalagsins.
- 3) Til að vernda lýðheilsu er mikilvægt að þessi reglugerð nái einnig yfir samsett matvæli sem innihalda marktækt

- 4) Númerum í sameinuðu tollnafnskránni (SAT) hefur verið breytt fyrir tiltekna matvælaflokka sem falla undir þessa reglugerð. Rétt þykir að breyta SAT-númerunum í þessari reglugerð til samræmis við það.
- 5) Reynslan hefur leitt í ljós að ekki er lengur nauðsynlegt að beita viðbótarskilyrðum vegna sendinga af parahnetum með skurn, sem eru innfluttar frá Brasilíu, sem ekki uppfylla skilyrðin þar eð unnt er að meðhöndla slíkar sendingar í samræmi við almenn ákvæði sem gilda um sendingar sem ekki uppfylla skilyrðin og því skulu viðbótarskilyrðin felld úr gildi. Að því er varðar innflutning á matvælum frá Bandaríkjunum er ekki lengur nauðsynlegt að beita bráðabirgðaákvæðum vegna rannsóknarstofa sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið (USDA) hefur ekki samþykkt til að annast greiningar á aflatoxíni og því skal fella þessi bráðabirgðaákvæði úr gildi.
- 6) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 frá 24. júlí 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar aukíð, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu föðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB⁽⁴⁾ er kveðið á um notkun samræmds innflutningskjals vegna fyrirframtilkynningar um komu vörusendinga og upplýsinga um opinbert eftirlit sem fram fer. Rétt þykir að kveða á um notkun þessa skjals og mæla fyrir um sérstakar leiðbeiningar um útfyllingu þess við beitingu þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 21.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

- 7) Í ljósi fjölda og eðlis tilkynninga í hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður, viðskiptamagns, niðurstaðna úr skoðunum Matvæla- og dýraheilbrigðissskrifstofunnar og niðurstaðna úr eftirliti skal endurskoða tíðni núverandi eftirlits.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð skal gilda um innflutning á eftirfarandi matvælum og matvælum sem eru unnin eða samsett úr þeim:

a) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Brasilíu eða send þáðan:

- i. parahnetur í skurn sem falla undir SAT-númerið 08012100,
- ii. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SAT-númerið 081350 og innihalda parahnetur í skurn,

b) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Kína eða send þáðan:

- i. jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 12021090 eða 12022000,
- ii. jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081198 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
- iii. ristaðar jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081196 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),

c) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Egyptalandi eða send þáðan:

- i. jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 12021090 eða 12022000,
- ii. jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081198 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
- iii. ristaðar jarðhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081196 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),

d) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Íran eða send þáðan:

- i. pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númerið 08025000,
- ii. ristaðar pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númerið 20081913 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 20081993 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),

e) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Tyrklandi eða send þáðan:

- i. þurrkaðar fikjur sem falla undir SAT-númerið 08042090,
- ii. heslihnetur (*Corylus* spp.) í skurn eða skurnlausar sem falla undir SAT-númerin 08022100 eða 08022200,
- iii. pistasíuhnetur sem falla undir SAT-númerið 08025000,
- iv. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SAT-númerið 081350 og innihalda fikjur, heslihnetur eða pistasíuhnetur,
- v. fikjumauk, pistasíuhnetumauk og heslihnetumauk sem falla undir SAT-númerin 11063090, 200710 eða 200799,
- vi. heslihnetur, fikjur og pistasíuhnetur, tilreiddar eða varðar skemmdum, þ.m.t. blöndur sem falla undir SAT-númerið 200819,
- vii. mjöl, gróft mjöl og duft úr heslihnetum, fikjum og pistasíuhnetum sem falla undir SAT-númerið 11063090,
- viii. skornar, sneiddar og muldar heslihnetur sem falla undir SAT-númerin 08022200 og 200819,

f) Eftirfarandi matvæli, sem eru upprunnin í Bandaríkjunum eða send þaðan, sem falla undir valfrjálsu sýnatökuáætlunina til eftirlits með aflatoxíni sem möndlunefnd Kaliforníu (e. Almond Board of California) kom á fót í maí 2006 (e. Voluntary Aflatoxin Sampling Plan):

- i. möndlur í skurn eða skurnlausar sem falla undir SAT-númerið 080211 eða 080212,
- ii. ristaðar möndlur sem falla undir SAT-númerið 20081913 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 20081993 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
- iii. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SAT-númerið 081350 og innihalda möndlur,

g) Eftirfarandi matvæli, sem eru innflutt frá Bandaríkjunum, sem falla ekki undir valfrjálsu sýnatökuáætlunina til eftirlits með aflatoxíni:

- i. möndlur í skurn eða skurnlausar sem falla undir SAT-númerið 080211 eða 080212,
- ii. ristaðar möndlur sem falla undir SAT-númerið 20081913 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 20081993 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
- iii. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SAT-númerið 081350 og innihalda möndlur.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um vörusendingar af matvælum að heildarþyngd sem fer ekki yfir 20 kg eða um unnin eða samsett matvæli sem innihalda matvælin sem um getur í b- til g-lið 1. mgr. í magni sem er undir 20%.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tilnefndir innflutningsstaðir“ sérhver staður sem lögbært yfirvald tilnefnir þar sem flytja má matvælin, sem um getur í 1. gr., inn í Bandalagið,
- b) „fyrsti innkomustaður“ sá staður þar sem vörusending kemur fyrst inn í Bandalagið.

3. gr.

Innflutningur inn í Bandalagið

Vörusendingar af matvælum, sem um getur í 1. gr., (hér á eftir nefnd matvæli), má einungis flytja inn í Bandalagið í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. gr.

Heilbrigðisvottorð og niðurstöður úr sýnatöku og greiningu

1. Matvælum sem flytja á inn í Bandalagið skulu fylgja niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðauka, útfyllt, undirrituð og staðfest af viðurkenndum fulltrúa:

- a) Ministério da Agricultura, Pecuária e Abastecimento (MAPA), fyrir matvæli frá Brasilíu,
- b) eftirlitsyfirvalda sem annast skoðun og sóttvarnareftirlit á inn- og útflutningi í Alþjóðuljóveldinu Kína, fyrir matvæli frá Kína,
- c) egypska landbúnaðarráðuneytisins, fyrir matvæli frá Egyptalandi,
- d) íranska heilbrigðisráðuneytisins, fyrir matvæli frá Íran,
- e) aðalskrifstofu sem sér um vernd og eftirlit í ráðuneyti landbúnaðar- og dreifbýlismála í lýðveldinu Tyrklandi, fyrir matvæli frá Tyrklandi,
- f) bandaríska landbúnaðarráðuneytisins (USDA), fyrir matvæli frá Bandaríkjunum Ameríku.

2. Heilbrigðisvottorðið skal vera á opinberu tungumáli útflutningslandsins og á opinberu tungumáli innflutningsaðildarríkisins.

6. gr.

Viðkomandi lögbær yfirvöld geta ákveðið að nota önnur tungumál sem hlutaðeigandi vottunarmenn eða eftirlitsaðilar skilja.

3. Heilbrigðisvottorðið, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir aðeins fyrir innflutning á matvælum inn í Bandalagið í að hámarki fjóra mánuði frá útgáfudegi þess.

4. Sýnatakan og greiningin, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmd í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 ⁽¹⁾ eða jafngild ákvæði.

5. Hver vörusending af matvælum skal auðkennd með skráningarnúmeri sem samsvarar skráningarnúmerinu á niðurstöðunum úr sýnatökunni og greiningunni og á heilbrigðisvottorðinu sem um getur í 1. mgr. Sérhver poki eða annars konar pakking í vörusendingunni skal auðkennd með sama skráningarnúmeri.

6. Þrátt fyrir 1. til 5. mgr. má flytja vörusendingar af matvælum, sem um getur í g-lið, 1. mgr. 1. gr., inn í Bandalagið án þess að þeim fylgi niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og heilbrigðisvottorð.

5. gr.

Fyrirframtilkynning um vörusendingar

Stjórnendur matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtilkynningu um áætlaðan komudag og komutíma vörusendingarinnar á fyrsta innkomustaðinn og um eðli sendingarinnar.

Í þessu skyni skulu þeir fylla út I. hluta samræmda innflutningsskjalsins, sem um getur í a-lið 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009, og senda það til lögbæra yfirvaldsins á fyrsta innkomustaðnum a.m.k. einum virkum degi áður en vörusendingin kemur á staðinn.

Við útfyllingu samræmda innflutningsskjalsins við beitingu þessarar reglugerðar skulu stjórnendur matvælafyrirtækja taka tillit til leiðbeininganna sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

Tilnefndir innflutningsstaðir

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tryggja að tilnefndir innflutningsstaðir uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) Þjálfað starfsfólk skal vera til staðar til að annast opinbert eftirlit með vörusendingum af matvælum.
- b) Ítarlegar leiðbeiningar varðandi sýnatöku og sendingu sýna til rannsóknarstofu, í samræmi við ákvæði I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 401/2006, skulu vera tiltækar.
- c) Það skal unnt að annast affermingu og framkvæma sýnatökuna á skýldu svæði á tilnefndum innflutningsstað; það skal unnt að koma vörusendingu af matvælum undir opinbert eftirlit lögbærs yfirvalds frá tilnefndum innflutningsstað og áfram í tilvikum þar sem flytja þarf vörusendinguna til að framkvæma sýnatökuna.
- d) Geymslur eða birgðageymslur skulu vera til reiðu til að geyma vörusendingar af matvælum, sem hald hefur verið lagt á, við góð skilyrði meðan beðið er eftir niðurstöðum úr greiningum.
- e) Losunarbúnaður og viðeigandi sýnistökubúnaður skulu vera til staðar.
- f) Opinber rannsóknarstofa til greiningar á aflatoxíni skal vera til reiðu á stað þangað sem hægt er að flytja sýnin á skömmum tíma og sem getur framkvæmt greininguna innan viðeigandi tímamarka.

2. Aðildarríkin skulu halda uppfærða skrá yfir tilnefnda innflutningsstaði og gera hana aðgengilega almenningi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þá.

3. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu tryggja að vörusending af matvælum sé affermd eins og nauðsyn krefur svo að dæmigerð sýnataka geti farið fram.

Ef um er að ræða sérstakan flutning eða tiltekna tegund umbúða skal stjórnandinn gera viðeigandi sýnatökubúnað aðgengilegan fyrir opinberan skoðunarmann ef slík sýnataka getur ekki farið fram á tilhlýðilegan hátt með stöðluðum sýnatökubúnaði.

7. gr.

Opinbert eftirlit

1. Allt opinbert eftirlit, áður en vörusendingin er samþykkt til frjálsrar dreifingar inn í Bandalagið og áður en samræmda innflutningsskjalið er útfyllt, skal fara fram innan 15 virkra daga frá þeirri stundu sem vörusendingin kemur til innflutnings og er aðgengileg til sýnatöku á tilnefndum innflutningsstað.

2. Lögbært yfirvald á fyrsta innkomustaðnum skal tryggja að fram fari sannprófun skjala fyrir matvæli, sem ætluð eru til innflutnings inn í Bandalagið, til að tryggja að kröfur varðandi niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og heilbrigðisvottorð, sem kveðið er á um í 4. gr., séu uppfylltar.

Ef niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og heilbrigðisvottorð, sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., fylgja ekki með vörusendingu af matvælum má sendingin ekki koma inn í Bandalagið til innflutnings inn í Bandalagið og skal hún endursend til upprunalandsins eða henni eytt.

3. Lögbært yfirvald á fyrsta innkomustaðnum skal samþykkja flutning vörusendingar til tilnefnds innflutningsstaðar eftir að eftirlitið, sem um getur í 2. mgr., hefur verið framkvæmt á fullnægjandi hátt. Upprunalegt vottorð skal fylgja vörusendingu við flutning.

4. Lögbært yfirvald við tilnefndan innflutningsstað skal taka sýni úr tilteknum vörusendingum til að greina aflatoxín B1 og heildarmengun af völdum aflatoxíns, með þeirri tíðni sem um getur í 5. mgr. og í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 401/2006, áður en þær eru settar í frjálsa dreifingu inn í Bandalagið.

5. Sýnataka til greiningar, sem um getur í 4. mgr., skal framkvæmd:

- a) á 100% af vörusendingum af matvælum frá Brasilíu,
- b) á u.þ.b. 20% af vörusendingum af matvælum frá Kína,
- c) á u.þ.b. 20% af vörusendingum af matvælum frá Egyptalandi,
- d) á u.þ.b. 50% af vörusendingum af matvælum frá Íran,

e) á um það bil 10% af vörusendingum fyrir hvern flokk af heslihnetum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi, sem um getur í ii. og iv. til viii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr., u.þ.b. 20% af vörusendingum fyrir hvern flokk af þurrkuðum fíkjum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi, sem um getur í i. og iv. til vii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr. og u.þ.b. 50% af vörusendingum fyrir hvern flokk af pistasíuhnetum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi sem um getur í iii. til vii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr.,

f) af handahófi á vörusendingum af matvælum frá Bandaríkjunum sem um getur í f-lið 1. mgr. 1. gr.

g) á hverri vörusendingu af matvælum frá Bandaríkjunum sem um getur í g-lið 1. mgr. 1. gr.

6. Að loknu eftirliti skal lögbært yfirvald, að því er varðar eftirlit sem yfirvaldið framkvæmir:

- a) fylla út viðeigandi hluta II. hluta samræmda innflutningsskjalsins,
- b) sameina niðurstöður úr sýnatöku og greiningu,
- c) stimpla og undirrita frumrit samræmda innflutningsskjalsins,
- d) taka og geyma afrit af undirritaða og stimplaða samræmda innflutningsskjalinu.

Við útfyllingu samræmda innflutningsskjalsins við beitingu þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald taka tillit til leiðbeininganna sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

7. Frumrit samræmda innflutningsskjalsins skal fylgja vörusendingunni við flutning uns hún er sett í frjálsa dreifingu.

8. Vörusendingin skal sett í frjálsa dreifingu með fyrirvara um að stjórnandi matvælafrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi tollyfirvöldum samræmt innflutningsskjal eða jafngilt, rafrænt skjal, sem lögbært yfirvald hefur fyllt út á tilhlýðilegan hátt, þegar öllu opinberu eftirliti er lokið og hagstæðar niðurstöður vegna eftirlits með ástandi liggja fyrir, sé slíkra skoðana krafist.

9. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu á þriggja mánaða fresti með öllum greiningar- niðurstöðum úr opinberu eftirliti með vörusendingum af matvælum. Sú skýrsla skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs.

8. gr.

Vörusendingu skipt upp

Vörusendingum skal ekki skipt upp fyrr en öllu opinberu eftirliti er lokið og lögbæra yfirvaldið hefur að fullu fyllt út samræmda innflutningsskjalíð eins og kveðið er á um í 7. gr.

Ef vörusendingunni er síðar skipt upp skal staðfest afrit af samræmda innflutningsskjalinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar þar til hún er sett í frjálsa dreifingu.

9. gr.

Viðbótarskilyrði að því er varðar innflutning á matvælum frá Bandaríkjunum

1. Að því er varðar innflutning frá Bandaríkjunum skal rannsóknarstofa, sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið (USDA) hefur samþykkt til að annast greiningar á aflatoxíni, annast greininguna sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

2. Í heilbrigðisvottorðinu sem um getur í 1. mgr. 4. gr., sem fylgir vörusendingum af matvælum sem um getur í f-lið 1. mgr. 1. gr., skal vísað til valfrjálsu sýnatökuáætlunarinnar til eftirlits með aflatoxíni.

10. gr.

Kostnaður

Stjórnandi matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað sem fellur til vegna opinbers eftirlits, þ.m.t. sýnataka, greining, geymsla og allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2009.

11. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2006/504/EB er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

12. gr.

Bráðabirgðaaákvæði

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin heimila innflutning á vörusendingum af matvælum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., sem fóru frá upprunalandinu fyrir 1. júlí 2010 þar sem með fylgir heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í ákvörðun 2006/504/EB.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Heilbrigðisvottorð fyrir innflutning inn í Evrópubandalagið á

..... (*)

Skráningarnúmer vörusendingar:..... Nr. vottorðs:

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB,

.....

..... (lögbert yfirvald sem um getur í 1. mgr. 4. gr.)

VOTTAR að

..... (setjið inn matvælin sem um getur í 1. gr.)

í þessari vörusendingu sem er samsett úr:

.....

..... (lýsing á vörusendingu, vöru, fjölda og tegund pakkinga, heildar- eða nettóþyngd)

fermd í (fermingarstaður)

af (nafn flutningsaðila)

fer til (staður og viðtökuland)

sem kemur frá starfsstöðinni

..... (heiti og heimilisfang starfsstöðvar)

eru framleidd, flokkuð, meðhöndluð, unnin, pökkuð og flutt í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.

Úr þessari vörusendingu voru tekin sýni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 hinn ... (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu (dagsetning)

í (heiti rannsóknarstofu),

til að ákvarða innihald aflatoxíns B1 og heildarmengun af völdum aflatoxína. Upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með.

Þetta vottorð gildir til

Gjört í: hinn

Stimpill og undirritun viðurkennds fulltrúa lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

.....
(*) afurð og upprunaland.

II. VIÐAUKI

Leiðbeiningar með samræmda innflutningsskjalinu við beitingu þessarar reglugerðar, ef um er að ræða innflutning á matvælum frá tilteknum þriðju löndum, vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína í þessum afurðum.

Almennt: Þegar minnst er á „tilnefndan komustað“ merkir það „fyrsti innkomustaður“ eða „tilnefndur innflutningsstaður“, eins og mátt er fyrir um í sérstökum athugasemdum fyrir hvern reit, að því er varðar notkun samræmda innflutningsskjalsins við beitingu þessarar reglugerðar. Þegar minnst er á „efirlitsstað“ merkir það „tilnefndur innflutningsstaður“.

Fyllið skjalið út með hástöfum Athugasemdirnar vísa til númers viðkomandi reits.

I. hluti Stjórnandi matvælafyrirtækis eða fulltrúi hans skal fylla út þennan hluta nema annað sé tekið fram.

Reitur I.1. Sendandi: nafn og fullt heimilisfang einstaklings eða lögaðila (stjórnandi matvælafyrirtækis) sem vörusendingin fer frá. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.

Reitur I.2. Yfirvöld á tilnefndum innflutningsstað skulu fylla út allar þrjár línur þessa reits eins og skilgreint er í 2. gr. Gefið samræmda innflutningsskjalinu tilvísunarnúmer í fyrsta reitinn. Tilgreinið heiti tilnefnds innflutningsstaðar og númer hans í reit tvö og þrjú, eftir því sem við á.

Reitur I.3. Viðtakandi: tilgreinið nafn og fullt heimilisfang einstaklings eða lögaðila (stjórnandi matvælafyrirtækis) sem tekur við vörusendingunni. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.

Reitur I.4. Aðili sem ber ábyrgð á vörusendingunni: (einnig umboðsaðili, skýrslugjafi eða stjórnandi matvælafyrirtækis) tilgreinið nafn og fullt heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á vörusendingunni þegar hún kemur á fyrsta innkomustað og leggur nauðsynlegar yfirlýsingar fyrir lögbær yfirvöld fyrir hönd innflytjandans. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.

Reitur I.5. Upprunaland: tilgreinið landið þaðan sem varan kemur, þar sem hún er ræktað, safnað saman eða framleidd.

Reitur I.6. Sendingarland: tilgreinið landið þar sem vörusendingin var sett um borð í flutningatæki til lokaflutnings til Bandalagsins.

Reitur I.7. Innflytjandi: tilgreinið nafn og fullt heimilisfang. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.

Reitur I.8. Viðtökustaður: tilgreinið heimilisfang viðtakanda innan Bandalagsins. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.

Reitur I.9. Koma á tilnefndan komustað (áætluð dagsetning): tilgreinið áætlaðan komudag vörusendingarinnar á fyrsta innkomustað.

Reitur I.10. Fylgiskjöl: tilgreinið útgáfudag og fjölda löggiltra fylgiskjala sem fylgja vörusendingunni, eins og við á.

Reitur I.11. Flutningatæki: merkið í reitinn til að tilgreina flutningatæki við komu.

Auðkenning: tilgreinið allar upplýsingar um flutningatæki. Fyrir loftfar, tilgreinið flugnúmer. Fyrir skip, tilgreinið nafn skipsins. Fyrir ökutæki: tilgreinið skráningamerki með númeri eftirvagns ef við á. Fyrir járnbrautalestir: tilgreinið auðkenni lestar og númer vagns.

Tilvísun í skjöl: flugfarmsskirteinisnúmer, farmskirteinisnúmer eða viðskiptanúmer lestar eða ökutækis.

Reitur I.12. Vörulýsing: gefið ítarlega lýsingu á vörunni með því að nota hugtökin í 1. gr.

Reitur I.13. Vörunúmer (ST-kóði): notið samræmt kerfi Alþjóðatollastofnunarinnar.

Reitur I.14. Heildarþyngd: tilgreinið heildarþyngd í kg eða tonnum. Hún er skilgreind sem heildarmassi afurðanna með innri og ytri umbúðum, að frátöldum flutningagámum og öðrum flutningatækjum.

Eigin þyngd: tilgreinið þyngd sjálfrar afurðarinnar í kg eða tonnum, að frátöldum umbúðum. Hún er skilgreind sem massi afurðanna sjálfra, án innri og ytri umbúða.

Reitur I.15. Fjöldi pakkninga: tilgreinið fjölda pakkninga í vörusendingunni.

Reitur I.16. Hitastig: merkið við viðeigandi flutnings-/geymsluhitastig.

Reitur I.17. Tegund umbúða: tilgreinið tegund umbúða utan um afurðirnar.

Reitur I.18. Fyrirhuguð notkun vörunnar: merkið í viðeigandi reit eftir því hvort varan er ætluð til mannelis án undanfarandi flokkunar eða annarrar frekari meðhöndlunar (merkið við „til mannelis“ í því tilviki) eða er ætluð til mannelis eftir slíka meðhöndlun (merkið við „frekari vinnsla“ í því tilviki), eða ætluð til notkunar sem fôður (merkið við „fôður“ í því tilviki). Í síðasta tilvikinu gilda ákvæði þessarar reglugerðar ekki.

Reitur I.19. Innsigli snúmer og gámanúmer: tilgreinið öll innsigli- og kenninúmer gáma eftir því sem við á.

Reitur I.20. Til flutnings á eftirlitsstað: ef um er að ræða vörusendingu sem ætluð er til innflutnings (sbr. reit I.22) merkið í reitinn og tilgreinið tilnefndan innflutningsstað.

Reitur I.21. Á ekki við.

Reitur I.22. Til innflutnings: merkið í reitinn ef vörusendingin er ætluð til innflutnings.

Reitur I.23. Á ekki við.

Reitur I.24. Flutningatæki til eftirlitsstaðar: merkið við viðeigandi flutningatæki sem notað er til flutnings á tilnefndan innflutningsstað.

II. hluti Lögbert yfirvald skal fylla út þennan hluta.

Almennt: Lögbert yfirvald tilnefnds innflutningsstaðar skal fylla út reit II.1. Þau yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með skjölum skulu fylla út reiti II.2 til II.9. Lögbert yfirvöld tilnefnds innflutningsstaðar skulu fylla út reiti II.10 til II.21.

Reitur II.1. CED-tilvísunarnúmer: notið sama CED-tilvísunarnúmerið og í reit I.2.

Reitur II.2. Tilvísun í tollskjal: til notkunar fyrir tollyfirvöld ef nauðsyn krefur.

Reitur II.3. Sannprófun skjala: fyllið út fyrir allar vörusendingar.

Reitur II.4. Vörusendingar valdar til eftirlits með ástandi: á ekki við innan ramma þessarar reglugerðar.

Reitur II.5. SAMÞYKKT til flutnings: ef vörusendingin er samþykkt til flutnings á tilnefndan innflutningsstað eftir fullnægjandi sannprófun á skjölum skal lögbert yfirvald á fyrsta innkomustaðnum merkja í reitinn og tilgreina til hvaða tilnefnds innflutningsstaðar á að flytja vörusendinguna til hugsanlegs eftirlits með ástandi (sjá upplýsingar sem tilgreindar eru í reit I.20.)

Reitur II.6. EKKI SAMÞYKKT: ef vörusendingin er ekki samþykkt til flutnings á tilnefndan innflutningsstað vegna ófullnægjandi niðurstöðu úr sannprófun á skjölum skal lögbert yfirvald á fyrsta innkomustaðnum merkja í reitinn og tilgreina nákvæmlega til hvaða aðgerða skal grípa ef vörusendingunni er hafnað. Heimilisfang viðtökustarfsstöðvarinnar ef merkt er við „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“ í reit II.7.

Reitur II.7. Upplýsingar um ákvörðunarstaði sem eru undir eftirliti (II.6): tilgreinið, eins og við á, samþykkisnúmer og heimilisfang (eða nafn skips og höfn) fyrir alla ákvörðunarstaði ef frekara eftirlits er krafist með vörusendingunni, t.d. vegna reits II.6, „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“.

Reitur II.8. Fullt auðkenni tilnefnds komustaðar og opinber stimpill: tilgreinið hér fullt auðkenni fyrsta innkomustaðar og opinberan stimpil lögbærs yfirvalds á staðnum.

- Reitur II.9. Opinber skoðunarmaður: undirskrift opinbers starfsmanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá lögbæru yfirvaldi á fyrsta innkomustað.
- Reitur II.10. Á ekki við.
- Reitur II.11. Sannprófun auðkenna: merkið í reitina til að tilgreina hvort sannprófun auðkenna hefur verið framkvæmd og hver niðurstaða hennar var.
- Reitur II.12. Eftirlit með ástandi: tilgreinið hér niðurstöður úr eftirliti með ástandi.
- Reitur II.13. Prófanir á rannsóknarstofu: merkið í reitinn til að tilgreina hvort vörusendingin hefur verið valin til sýnatöku og greininga.
- Prófað með tilliti til: tilgreinið fyrir hvaða efni, (aflatoxín B1 og/eða heildarmengun af völdum aflatoxína) og samkvæmt hvaða greiningaraðferð prófanir á rannsóknarstofu eru framkvæmdar.
- Niðurstöður: tilgreinið niðurstöður úr prófunum á rannsóknarstofu og merkið í viðeigandi reit.
- Reitur II.14. SAMÞYKKT til að setja í frjálsa dreifingu: merkið í reitinn ef setja á vörusendinguna í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins.
- Merkið í einn af reitunum („Til manneldis“, „Til frekari vinnslu“, „Fóður“ eða „Annað“) til að tilgreina frekari notkun.
- Reitur II.15. Á ekki við.
- Reitur II.16. EKKI SAMÞYKKT: merkið í reitinn ef vörusendingunni er hafnað vegna ófullnægjandi niðurstöðu úr sannprófun eða eftirliti með ástandi.
- Tilgreina skal nákvæmlega hvaða aðgerð skal framkvæmd í slíku tilviki með því að merkja í einn af reitunum („Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“). Heimilisfang viðtökustarfsstöðvar skal ritað í reit II.18.
- Reitur II.17. Ástæður synjunar: merkið í viðeigandi reit. Notið þennan reit eins og við á til að gefa upplýsingar sem máli skipta.
- Reitur II.18. Upplýsingar um ákvörðunarstaði sem eru undir eftirliti (II.16): tilgreinið, eins og við á, samþykkisnúmer og heimilisfang (eða nafn skips og höfn) fyrir alla ákvörðunarstaði ef frekara eftirlits er krafist með vörusendingunni samkvæmt upplýsingum úr reit II.16.
- Reitur II.19. Vörusending endurinnsgluð: notið þennan reit ef upprunalegt innsigli á vörusendingu hefur verið rofið þegar gámur var opnaður. Halda skal heildarskrá yfir öll innsigli sem hafa verið notuð í þessum tilgangi.
- Reitur II.20. Fullt auðkenni tilnefnds komustaðar/eftirlitsstaðar og opinber stimpill: skráið hér fullt auðkenni tilnefnds innflutningsstaðar og opinberan stimpil lögbærs yfirvalds á tilnefndum innflutningsstað.
- Reitur II.21. Opinber skoðunarmaður: skráið nafn (með hástöfum), útgáfudag og undirskrift opinbers starfsmanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá lögbæru yfirvaldi á tilnefndum innflutningsstað.

III. hluti Lögbært yfirvald skal fylla út þennan hluta.

- Reitur III.1. Upplýsingar um endursendingu: lögbært yfirvald á fyrsta innkomustað eða á tilnefndum innflutningsstað tilgreinir flutningataekið sem notað er, auðkenningu þess, viðtökuland og dagsetningu endursendingar jafnskjött og upplýsingarnar liggja fyrir.
- Reitur III.2. Eftirfylgni: tilgreinið þá einingu lögbærs staðaryfirvalds sem ber ábyrgð, eins og við á, á eftirliti ef vörusendingin er merkt „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“. Sama lögbæra yfirvaldið skal tilgreina hér um komu vörusendingarinnar og hvort vörusendingin er í samræmi við upplýsingarnar.
- Reitur III.3. Opinber skoðunarmaður: undirskrift opinbers starfsmanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá lögbæru yfirvaldi við tilnefndan innflutningsstað þegar um er að ræða endursendingu. Undirskrift opinbers starfsmanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá lögbæru staðaryfirvaldi ef merkt er við „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“.